

Mál nr. 528/2011
Ólafur Björgvinsson (M) og
Vátryggingafélag Íslands hf. (V) v. slysatryggingar launþega, almennrar slysatryggingar og
frjálsrar ábyrgðartryggingar Viðarsteins ehf. (A)

Maður slasaðist þegar þaksperrur runnu á hann þann 5.3.2009

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 12.1.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2
3. Beiðni um endurupptöku, dags. 07.03. 2012.

Málsatvik.

M var að vinna hjá A þegar hann varð fyrir slysi þegar þaksperrur runnu til og lentu á M og við það fell M niður af vinnupalli. M gerir kröfur um bætur vegna þessa úr slysatryggingu launþega, almennri slysatryggingu og frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V. M segist hafa orðið gjaldþrota fyrir 9 árum og eftir það unnið sem verktaki, en í raun hafi verið um launþegasamband að ræða milli hans og A og ljóst að um vinnusamning hafi verið að ræða milli M og A. Varðandi almennu slysatrygginguna hafnar M því að hafa gefið rangar upplýsingar varðandi stöðu sína sem launþega hjá A og telur sig eiga líkt og aðra starfsmenn A rétt á bótum úr slysatryggingunni. Þá byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi verið ábótavant og ekki gætt fyllsta öryggis við framkvæmd vinnu á slysstað. V hafnar bótaskyldu og telur sýnt af gögnum málsins að M hafi verið sjálfstæður verktaki en ekki launþegi hjá A. Þá hafnar V því að aðstæður á verkstæði hafi ekki verið fullnægjandi og öruggar miðað við aðstæður auk þess sem M hafi sem sjálfstæður verktaki átt að hlutast til um að aðbúnaður og öryggi væri fullnægjandi.

Álit.

Mál þetta var endurupptekið að kröfu M vegna þess að fyrirliggjandi úrskurður, dags. 21.02. 2012, fjallaði ekki með skýrum hætti um álitaeefni máls þessa varðandi almenna slysatryggingu. Fallist var á endurupptöku máls þessa á fundi sem haldinn var 30.03. sl., en með óbreyttri niðurstöðu.

Af gögnum málsins liggur fyrir að M var ekki launþegi hjá A og á því ekki rétt á bótum úr vátryggingum sem varða launþega. Ekki hefur verið sýnt fram á að aðstæður á verkstæði hafi verið ófullnægjandi eða að öðru leyti hafi verið aðstæður til staðar sem felli sök á A. Ekki hefur verið sýnt fram á að M sé vátryggður samkvæmt almennri slysatryggingu.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Reykjavík 11.5. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.